

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025,
stækkun athafnasvæðis Selhrauns.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 10. mars 2014 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, sem samþykkt var af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 19. febrúar 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 10. mars 2014.

Breytingin felst í stækkun athafnasvæðis Selhrauns til norðurs. Landnotkun þar breytist úr blandaðri landnotkun svæðis fyrir þjónustustofnanir og opins svæðis til sérstakra nota í athafnasvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 10. mars 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2014